

24. september 2020

**Tilkynning frá Aðföngum**

Með hliðsjón af öryggi og velferð neytenda hafa Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla Íslandsnaut Hamborgarasósu, Smash Style.

Ástæða innköllunarinnar er að ákveðnar líkur eru til þess að eitt hráefna sósunar hafi í einni eða fleiri framleiðslulotum vörunnar innihaldið ofnæmis- og óþolsvald, það er hveiti (glúten) sem ekki er tilgreint í innihaldslýsingu vörunnar.

Varan var til sölu í verslunum Bónus og Hagkaups fram til 23. september 2020.

**Upplýsingar um vöruna:**

*Vöruheiti:* Íslandsnaut Hamborgarasósa, Smash Style.

*Strikamerki:* 5690350194556

*Nettómagn:* 250ml

*Best fyrir dagsetningar:* Allar fyrir 08-01-2021

Viðskiptavinir Bónus og Hagkaups sem keypt hafa vöruna og hafa ofnæmi eða óþol fyrir hveiti (glúten) er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

